

**Nr. 134 / 13 Gullver NS 12****Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 1661 IMO nr. 8211851  
Smíðaður: Noregi 1983, stál  
Stærð: 423,4 brl. 674 bt.  
Mesta lengd: 49,86 m Skráð lengd: 44,73 m  
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,6 m  
Vél: Mak 1303 kW, 1983  
Fjöldi skipverja: 15



Gullver©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 23. ágúst 2013 var Gullver NS 12 á togveiðum á Austfjarðamiðum.

Meðan skipið var á veiðum kom fram aðvörðun í vélarúmi um að lensa þyrfti austur sem og var gert. Við athugun kom í ljós að smá leki reyndist koma undan málningu á ryðkirtli í byrðingi bakborðsmegin í rýminu og u.þ.b. 2 ½ m undir sjólínu. Lensidæla hafði vel undan lekanum en ákveðið var að sigla til hafnar á Seyðisfirði. Fljótlega á siglingunni náðist að stöðva lekann til bráðabirgða.

Þegar skipið kom til hafnar var gert við gatið til bráðabirgða en fullnaðarviðgerð fór fram í febrúar 2014.

**Við rannsókn kom fram:**

- að það var vinnuregla um borð að ef austurdæla austurskilju var ræst þá átti að athuga hugsanlegan leka í vélarýminu og var það gert;
- að um það bil sólarhringur var liðinn frá því skipið kom úr viðgerð og þá hafði meðal annars verið gerð allsherjar þykktarmæling eftir vinnureglum. Engin óvænt þynning fannst á bol skipsins;
- að gatið á síðunni var á sjötta bandabili framan við skuthylki. Það hafði ryðgaði innan frá og út og myndaði keilulaga poll með millimetra gati út úr síðunni;
- að síðuplatan var óskemmd í kringum ryðblettinn og ekki var að sjá að nokkurn tíma hafi verið rafsoðið á þessum stað. Flöturinn var á þannig stað að hann var ávallt „ataður“ olíu og hafði að sögn yfirvélstjóra sennilega verið málaður tvisvar.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.